



Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð

1. fundur 2011, símafundur 10.janúar 2011 kl. 8:15

Þátttakendur; Eggert Björvinsson gjaldkeri, Halldór Sighvatsson ritari og Jóhann Morávek formaður.

	Ábyrgur
Setja inn fundargerðir 2010 á heimasíðu	HS
Ætti að setja inn í lög/reglur að stjórnarmeðlimir beri ekki kostnað af stjórnarsetu ?	
LÆ/CD mót 14.okt 2011 og þá fyrri helgi LÆ 23.-5.sept.	
Sveit komin af stað á Norðfirði	
EB náði sambandi við Bolungavík, Hrólfur hætti sem skólastjóri s.l. vor, hann var með eigin tölvu sem hann tók með sér og þar með öll gögn. Eggert sendi bæjarstjóra bréf og vinnur í að halda þeim inni í samtökunum	
Laugar í Þingeyjasveit(S-þing) er sveit þar ?	
Kynna okkur starfsemi á Mývatni, Mýrdal, Laugum, Siglufirði, Ólafsfirði og V-Hún	JM
Kynna okkur starfsemi í Öxarfirði og á Hafralæk	EB
Skoða hvernig við skiptum í sveitir á næsta móti litir/aldur	
Kynna okkur Alberto á Akureyri m.t.t. stjórn á landsmóti	
Tala við Guðna Franzson vegna LÆ	JM
Endur/sí menntun stjórnenda í SÍSL. Ath hjá Kára Einars einhver kona ?) eins eru Einar Jónsson og Jóhann Björn með sambönd í Noregi	
Næsti aðalfundur verði haldinn á landsbyggðinni og heill dagur lagður undir (EB telur Selfoss góðan m.t.t. að þar verður næsta landsmót)	
Skoða úts. og panta 2 til 3.	
Næsti fundur verður haldinn 24. Janúar kl. 8:15	

Fundi slitið kl. 9:48

Sign.

Halldór Sighvatsson



Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð

2.fundur 2011, símafundur 24.janúar 2011 kl.8:15

Þátttakendur; Jóhann Morávek formaður, Eggert Björgvinsson gjaldkeri og Halldór Sighvatsson ritari.

	Ábyrgur
Tónlistarskóli Öxarfjarðar lagður niður og tónlistarkennslu skal sinnt frá Húsavík en samkvæmt okkar upplýsingum fer lítið fyrir henni.	
Laugar í Þingeyjarsveit (áður S-Þing) þar er deild í grunnskólanum og þaðan eru 3 blásaranemar sendir til Húsavíkur.	
Í Stórutjarnaskóla er enginn blásaranemi.	
Ólafsfjörður og Siglufjörður, þar eru 150 nemendur og er samstarf við Dalvík. Nokkuð líklegt þykir okkur að þau komi í SÍSL	
Skoð tonlistarskolarnir.is og bera saman við okkar félagatal	EB
CD mót verður 7. – 9. Október á Selfossi. Jóhann talar um m.a. Pál Ísólffson, Björvin Þ. Valdimarsson, Labba í Mánum og Ingó og Veðurguðina og svo var nú Steini spil...	
Skoða Brennið þið vitar, SÍL úts.	EB
Guðni Franzson getur ekki verið með LÆ n.k. haust vegna anna með Caput.	
LÆ ! ef þau æfa hálfum mánuði fyrir CD mót ættu þau þá að halda tónleika fyrir hópinn á laugardeginum og vera líka með í lokatónleikum ? og líka tónleika síðar í Reykjavík og víðar ? Ætti landsmótshelgin að vera fyrsta æfing hjá LÆ ?	
Ath. með stjórnendur fyrir LÆ, tala við Jóhann Björn og Einar vegna norskra	HS
Tala við Einar og fá upplýsingar um starf útsetninganefndar	HS
Setja inn niðurtalningu vegna landsmóts á heimasíðu	JM
Tala við Hvolsvöll vegna SÍSL þáttöku	EB
Samþykkt að styrkja Alberto Porro Carmona um 65 þúsund kr. vegna kennslubókarútgáfu.	
Næsti fundur 31. Jan. kl. 8:15	

Fundi slitið kl. 9:59

Sign.
Halldór Sighvatsson



Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð
3.fundur 2011, símafundur 31.janúar 2011 kl.8:15

Þátttakendur; Jóhann Morávek formaður, Eggert Björgvinsson gjaldkeri og Halldór Sighvatsson ritari.

	Ábyrgur
Tala við Bernharð Wilkinson v/LÆ	JM
LÆ spili á tónleikum á laugardagskvöldi landsmóts og líka á lokatónleikum mótsins.	
Bjórða/biðja Selfoss að spila á landsmóti	
Ath. að fá Daníel Bjarnason t.þ.a. semja verk fyrir LÆ, fengjum við hann t.þ.a. stjórna því ?	
Ath. með að fá stjórnenda námskeið, tala við Einar Jónss.(HS), Kára Einars. (JM) og Jóhann Björn(EB)	HS, JM, EB
Sendu póst um landsmót. Þar komi fram dags. 7.-9.okt. á Selfossi. Þáttakendur hafi lokið Grunnprófi eða langt komnir í undirbúningi, 7. Bekkur eða eldri.	HS
Boða Jóhann Stefánsson á næsta fund	JM
Næsti fundur 14.feb. kl.8:15	

Fundi slitið kl. 9:17

Sign.
Halldór Sighvatsson



Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð
4.fundur 2011, símafundur 18.febrúar 2011 kl.8:15

Þátttakendur; Jóhann Morávek formaður, Eggert Björgvinsson gjaldkeri, Halldór Sighvatsson ritari, Daði Þór Einarsson meðstj., Karen Sturlaugsson meðstj., Lárus Halldór Grímsson meðstj. og Jóhann Ingvi Stefánsson Tónlistarskóla Árnesinga.

	Áb.
Sækja um styrki v/landsmóts bæði hjá Barnamenningar sjóð og Menningarráði suðurlands(sunnanmenning). Hver sækir um styrkina SÍSL eða Tónlistarskólinn? Jóhann Stefánsson talar um það við Menningarráð.	EB-JM-JIS
V/Landsmóts á Selfossi kom eftirfarandi fram hjá JS. Fáum allan Vallaskóla en þar hafa allt að 450 manns gíst. Æfingaaðstaða er í íþróttahúsi, sal skólans, í tónlistarskólanum og víðar ef þarf.	
Ath. Með að bóka Ingó og Veðurguðina á ballið	JIS
Búið að útvega frítt í sund fyrir mótsgesti	
Vegna verkefnavals þá voru nefnd; Brennið þið vitar e.Pál Ísólfsson, Ölfusárbrúin e.Helga Helgason, Vormenn Íslands e.Ísólfr Pálsson, Ljósar Nætur e.Loft S.Loftsson	
Fundarmenn lýsa yfir fullum stuðningi og trausti við Jóhann vegna áframhaldandi undirbúnings á landsmóttinu.	
Karen upplýsti um fundi Nótna/útsetninga-nefndar . Hafa haldið góða, gagnlega og skemmtilega fundi. Hafa rætt að skipta úts. getulega í forstíga, a,b,c og d. Þau hafa líka rætt hvernig stækka má markaðinn f.útsetningarnar og óska eftir fundi vegna mögulegs samstarfs Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, SÍL og SÍSL. LHG lagði til að SÍSL fái prósentur sem upphaflegur verkkaupi. Þá hafa þau einnig hug á að koma eldri útsetningum SÍSL á PDF form.	
LÆ, rætt var um mögulega stjórnendur og nefnd voru nöfn; Daníel Bjarnason, Guðmundur Óli Gunnarsson, Kjartan Óskarsson, Rúnar Óskarsson, Brjárn Ingason, Robert Darling, Alberto Porro Carmona og Kaldo Kiis.	JM-EB-HS
Vegna verkefnavals var ákveðið að allir myndu leggja höfuðið í bleyti og skoða/leita að efni. Ákveðið var að Suite Arktica II e.Pál P.Pálsson verði spiluð. Veltum fyrir okkur hvort að „uppeldislega“ ætti verk e.J.P.Sousa að vera á dagskrá og fleira í þeim dúr.	Allir
Tala við Inga Garðar og Áka hvort þeir eru með eitthvað í pípunum eða „á lager“.	KS
EB leggur til að næsti aðalfundur samtakanna verði haldinn á Selfossi til þess að fólk taki daginn frá og sé ekki hlaupandi í burtu áður en fundi er lokið og eins t.þ.a. við getum skoðað aðstæður v/landsmótsins.	
Ítreka/kynna það að sveitir innan SÍSL geta fengið afnot af verkum sem flutt hafa verið á landsmótum og eru í eigu samtakanna.	
Athuga og yfirfara hvort allt er að fullu uppgert vegna landsmótsins í Mosfellsbæ	EB-DÞE
Áframsenda upplýsingar sem bárust frá Össuri um mót í Þýskalandi	HS

Fundi slitið kl.10:22

Sign.

Halldór Sighvatsson



Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð
5.fundur 2011, símafundur 1.apríl 2011 kl.8:15

Pátttakendur; Jóhann Morávek formaður, Eggert Björgvinsson gjaldkeri og Halldór Sighvatsson ritari.

	Áb.
Ákveða dagsetningu A/B móts á Akureyri í apríl 2012	JM
Boða aðalfund samtakanna, en fyrst fá staðfest hjá Akureyringum að þeir mæti og hvort 29.eða 30.apríl hentar betur.	JM
Ath. aðstöðumál á Selfossi m.t.t. aðalfundar	EB
Hugleiða fyrirlesara á aðalfundi	JM/EB/HS
Næsti fundur mánudaginn 4.apríl kl.8:15	

Fundi slitið 9:05

Sign.
Halldór Sighvatsson



Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð
6.fundur 2011, símafundur 4.apríl 2011 kl.8:15

Þátttakendur; Jóhann Morávek formaður, Eggert Björgvinsson gjaldkeri og Halldór Sighvatsson ritari.

	Áb.
Fórum yfir skipulag Aðalfundar sem haldinn verður 29.apríl 2011. Ræddar áhyggjur/vonbrigði yfir frekar lítilli þátttöku undanfarin ár og ekki síður það að fundargestir hafa byrjað að tynast af fundi klukkustund eftir að hann hefst og oft er orðið fámennit undir lokin. Ákv. að fá fyrirlesara, halda fundinn á stór-reykjavíkursvæðinu þetta skiptið og hafa hann lengri en undanfarin a.m.k. 2 ár þ.e. frá kl.10-15.	HS/EB finna fyrir. HS boðar fund.
Rædd nótastaða vegna LÆ og Landsmóts í haust.	
Verkefnaval fyrir LÆ verður; Suite Francaise e.D.Milhaud, Suite Arktica e.Pál.P.Pálsson, Pomp and Circumstance E.Elgar, Úr útsæ rísa Íslands fjöll e.Pál Ísólffsson úts. Björn Guðjónsson. Stjórnandi sveitarinn verður Guðmundur Óli Gunnarsson	
Tónlist sem kemur til greina fyrir C/D mótið í haust; Tónlistin úr Avatar(ákv.), James Bond(ákv.), Ljósar Nætur(ákv.), Brennið þið vitar(ákv.),Einhversstaðar einhverntíma aftur(ákv.), Gordjöss(ákv.), Lord of the dance, Raiders marsh, lög frá Selfoss hljómsv. Ingó og veðurguðirnir, Mánar.	
Eggert byrjaði að segja okkur frá heimsókn sinni í menntamálaráðuneytið og fundi sínum með 3 starfsmönnum þess, nánar síðar.	
Brýnt fyrir samtökin að hafa greiðari aðgang að fjölda nemenda í samtökunum.	
Mínna á ársskýrslu sem sveitir eiga að skila samtökunum.	HS
Fundi slitið kl. 10:00	

Sign.
Halldór Sighvatsson



Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð
7.fundur 2011, símafundur 8.apríl 2011 kl.8:15

Þátttakendur; Jóhann Morávek formaður, Eggert Björgvinsson gjaldkeri og Halldór Sighvatsson ritari.

	Áb.
Yfirfarin aðalfundarboðunin, ákv.að HS taki endanlega ákvörðun um fundarstað og sendi út fundarboðið.	HS
Ættum við að fá úts. Rangur maður m.Sólstrandargæjunum	
Hvetja stjórnendur t.þ.a. senda inn starfsskýrslur.	HS
Styrkumsókn v/LÆ komin til skila	

Fundi slitið kl. 9:15

Sign.
Halldór Sighvatsson

Fundargerð aðalfundar SÍSL haldinn í Kríunesi við Elliðavatn 29. apríl 2011.

Mætt eru:

Jóhann Höfn, Eggert Vestmannaeyjum, Halldór Akranesi, Vilhjálmur Akureyri, Jóhann Björn Garðabær, Daði Þór Mosfellsbær, Baldur Gurndarfjörður, Gestur Þorlákshöfn, Jóhann Selfossi, Margrét Kópavogur, Einar Grafarvogur, Karen Reykjanesbær, Ingi Garðar Reykjanesbær, Steinar Reykjanesbær, Össur Kópavogur, Vilborg Austurbær, Kári Seltjarnarnes, Erla Hafnarfjörður, Lárus Vesturbær, Áki Reykjanesbær.

Fundur settur kl. 10:05 af formanni SÍSL.

Formaður lýsir ánægju með mætingu á fundinn, fulltrúar nær helmings þeirra sveita sem skráðar eru í SÍSL eru mættir.

Daði Þór Einarsson valinn fundarstjóri og Margrét B. Sigurbjörnsdóttir fundarritari.

Fundarmenn kynna sig með nafni og hvaðan þeir koma.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður les skýrslu stjórnar. Fundarstjóri spyr um athugasemdir fundarmanna en engar eru gerðar og þar með er skýrslan einróma samþykkt.

2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.

Eggert fer yfir reikningana og útskýrir. Staða félagsins er góð. Farið yfir reikninga vegna landsmóta og spurt er hvað falli undir liðinn búningar í því bókhaldi. Þau svör fást frá gjaldkera að það séu bolirnir sem krakkarnir klæddust á mótinu. Nokkarar tölur voru ræddar, sérstaklega útgjaldaliðir vegna matar á landsmótum. Flest er frágengið vegna landsmóta. Reikningar lagðir fram til samþykkis og voru þeir samþykktir einróma.

3. Lagabreytingar.

Formaður skýrir frá að engar tillögur um lagabreytingar hafi verið lagðar fram, en hvetur fundarmenn til að lesa löginn því þau þurfi stöðugrar endurskoðunar við.

4. Kosning stjórnarmanna:

Jóhann formaður mun ekki halda áfram í stjórn. Vilborg Jónsdóttir hefur boðið sig fram til starfa í stjórn og þar sem ekki koma önnur framboð er hún kosin einróma. Varastjórn gefur öll kost á sér áfram auk þess sem Einar Jónsson gefur kost á sér til starfsins. Varastjórn kosin samhljóða.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Einar Jónsson og Jóhann Björn Ævarsson gefa kost á sér áfram og eru þeir kosnir einróma.

6. Ákvörðun félagsgjalds næsta árs.

Stungið er upp á óbreyttu félagsgjaldi frá þessu ári. Engar mótbárur heyrast og þar með var

samþykkt kr. 10.000.- félagsgjald á hverja sveit í SÍSL.

7. Önnur mál.

a) Össur Geirsson fer yfir og útskýrir drög að stöðlum fyrir útsetningar fyrir skólalúðrasveitir. Mikil umræða hefur verið milli nefndarmanna (Össur, Einar Jóns og Karen) um þessa staðla og mikil vinna. Fyrst ákváðu þau skilgreiningu á hljómsveitunum hvað er A sveit, B sveit og C sveit og bættu inn forstigi fyrir yngstu nemendurna. Snið sem notast í nótnaskriftarforritinu Sibelius og útsetningar verði unnar í verða sendar út til þeirra sem vilja útsetja og geta þeir þá unnið sínar útsetningar beint á það. Eitt snið verður fyrir forstigi og A sveit saman og annað fyrir B og C sveitir og það þriðja fyrir D sveitir. Farið var yfir hraðaval, tónsvið, nótnagildi og fleira sem hentar hverri sveit. Farið var yfir uppsetningu á röddum og það að æskilegt væri að hægt væri að spila trommunótur á sett en líka sem stakar raddir, einn á hvert hljóðfæri. Ekki hafa fleiri en tvö hljóðfæri á nótnalínunum í slagverki. Athugasemd kom frá Áka um að oft væru Malletpartar of erfiðir fyrir ungu krakkana, sérstaklega ef þeir væru eins og flautupartar.

Ekki er nauðsynlegt að hafa mjög margar raddir fyrir yngstu krakkana, allt í góðu að spila unis á köflum.

Bæta inn pákum fyrir A sveitir.

Athugasemd kom frá Vilborgu vegna tónsviðs baritóns. Tónsvið baritóns fyrir yngri nemendur er miðað við tónsvið básúnu og þar er farið eftir og tekið mið af bandarískum útsetningum.

Umræða um hvort nota megi $5/8$ eins og $5/4$ og $7/8$ eins og $7/4$.

Vilhjálmur kom með athugasemd um tónsvið trompets og Össur skoðar það.

Áka lýst vel á þessar tillögur og spyr hvort ekki sé hægt að hafa dæmi um útsetningar fyrir hverja sveit á heimasíðunni. Össur skoðar það.

Jóhann Höfn spyr hvort útsetningar hingað til hafi ekki verið erfiðar íen þessir staðlar segi til um. Össur samþykkir það en bendir á að sveitirnar séu missterkar milli ára. Spurning hvort merkingu núverandi útsetninga á heimasíðu SÍSL verði breytt til samræmis við þessa staðla eða hvort stöðlunum verði breytt til samræmis við tilbúna útsetningar.

Eggert spyr hvernig þessum stöðlum verði komið á framfæri við útsetjara. Össur vill að þetta fari inn á heimasíðuna og kynnt stjórnendum sem og þeim sem vilja útsetja fyrir skólalúðrasveitir.

Vilborg leggur til að stöðlunum veri komið til Listaháskólans þar sem nemandur í útsetningum kynninst þeim. Jóhann Höfn leggur til að staðlarnir verði sendir öllum á póstlista SÍSL.

Rætt um forsíður útsetninga. Hafa staðlað útlit og upplýsingar um lag, höfund og útsetjara. Hafa forsíðurnar í litum, gulur, rauður, grænn og blár eins og skipting í hljómsveitir á landsmótum. Gult fyrir yngstu sveitirnar, rautt fyrir A sveitir osfrv.

Hafa sömu hljóðfæraskipan í öllum útsetningum og hafa hljóðfæranöfnin á íslensku á forsíðu. Á næstu síðu kæmu upplýsingar um útsetninguna frá útsetjara. Ýtarlegar leiðbeiningar myndu fylgja sniðum til útsetjar með óskum um þær upplýsingar sem fram þurfa að koma í útsetningu. Þar með yrði upplýsingabanki fyrir útsetjara, td, hvaða nótur eru góðar eða vondar fyrir einstök hljóðfæri á ákveðnum stöðum í námi, upplýsingar um tónsvið og fl. fyrir hverja sveit.

Rætt af hverju sé betra að hafa taktnúmer á öllum tóktum en ekki bókstafamerkingar. Einfaldari skilaboð til krakkana og auðveldara að koma fyrir mælum til skila til þeirra. Sbr. byrja á takti 13 er töluvert auðveldara að finna en 5 takta fyrir B.

Spurning kom um hámarkslengd þagna fyrir yngstu sveitirnar. Það hefur ekki verið rætt í nefndinni en allir voru sammála um að best sé að halda þeim í lágmarki til að byrja með.

Rætt um útlit fyrstu blaðsíðu í útsetningu en líklega myndi það ráðast af lengd útsetningar og tilliti til flettinga í raddskránni.

Nefndin óskar eftir ábendingum og tillögum frá fundarmönnum. Kári telur punkteringar í lagi fyrir A sveit og Vilborg synkópur í sumum tilfellum. Jóhann Björn mjög ánægður með vinnu nefndarinnar. Áki spyr hvort það borgi sig að leggja mikla vinnu í sniðin þar sem nótnaforrit breytist svo ört og ekki vinni allir í Síðelfús. Össur mælir með því aðsvo sé og rökstyður. Margir sem ekki kunni uppsetningu útsetninga en eru þó að útsetja, innifalið verði í sniði að ef farið verði

út fyrir tónsviðs hljóðfæris, þá komi fram aðvörun og fleira sem mæli með notkun sniðs. Þeir sem ekki noti Síbelius geti yfirfært upplýsingarnar yfir í sitt forrit.

Eggert spyr hversu langt drögin séu komin og hvort þau komi fljótlega inn á heimasíðuna með tilliti til útsetninga fyrir landsmót á Akureyri. Össur segir það þó langt sé komið með vinnu við þetta verði svo líklega ekki en er tilbúinn til að koma öllum upplýsingum til væntanlegra útsetjara.

Einar ræðir um höfundarrétt og rétt varðandi sölu útsetninga. Mikilvægt sé að ganga frá þeim málum.

Eggert og fleiri mæla með því að nefndin start öll áfram að því góða starfi sem þau hafi unnið fram að þessu. Daði segir vinnu þeirra frábæra og minnst fyrstu handskrifuðu útsetninganna.

Stórkostlegt starf nefndarinnar eigi eftir að skila miklu í framtíðinni.

b) NOMU. Lárus. Ekki hefur verið hægt vegna fjárskorts að halda fundi né verið hægt að fara út á fundi. Ekki hefur verið haldið NOMU mót frá árinu 2006. Danskur sjóður sem sem áður styrkti nemedur sæe nú þurr og því hafi ekkert starf verið á vegum NOMU á síðasta ári.

c) Halldór biður um starfsskýrslu sveitanna. Gott sé að senda hana í tölvupósti. Mikilvægt fyrir samtökin að hafa yfirsýn yfir þá sem starfa innan þess. Gott og gagnlegt fyrir sögu samtakanna. Ingi Garðar leggur til að eintak verði sent á Landsbókasafn. Eggert segir að þessar skýrslur sýni fram á starfsemi samtakanna og það sé nauðsynlegt til að ná inn fjármagni til starfsins. Vilborg spyr um stóra könnun sem send var á sveitirnar fyrir nokkrum árum. Erfiðlega gekk að innheimta hana og því kom lítið út úr henni að sögn Halldórs.

Rætt er að efni á heimasíðu sé læst nema þú sért skráður inn. Lagt til að meira af efni síðunnar sé aðgengilegt öllum. Þar sé mikið efni sem nýst gæti fleirum en það gerir nú. Efni á heimasíðu ætti að vera meira í höndum hvernig þetta er uppsett fyrir hverja sveit. Einar segir starfsskýrslur þurfi ekki að vera margar blaðsíður, allt sé berta en ekkert.

d) Er sameining SÍL og SÍSL raunhæfur kostur? Eggert kynnir verkefni þar sem þessari spurningu er velt upp, unnið af hinum og fleirum í Háskólanum. Í verkefninu eru borin saman félögin SÍL og SÍSL við önnur samtök sem innihalda svipuð félög (sveitir) og SÍL og SÍSL. Meðal annarra voru skoðuð félögin KFUM og KFUK sem og BÍL, Bandalag Íslenskra Leikfélaga. Í stuttu máli var niðurstaðan sú að sameining þessara tveggja samtaka gæti verið kostur en þó yrði að huga að mörgum þáttum, td. kostnaði við starfsmann, sem yrði nauðsyn til að halda utan um starfið, mismunandi aldri félagsmanna og tilhögun landsmóta.

e) Eggert kynnti niðurstöður fundar hans og Menntamálaráðuneytis um hugmyndir hans að aðkomu SÍSL að tónlistarkennslu í landinu. MR hafði lítinn áhuga á því en þeim mun meiri á kennslu tónlistarkennara þar sem þeirri vinnu er á engan hátt sinnt af Listaháskólanum. Eggert vill setja af stað hugmyndavinnu um kennslu tónlistarkennara og hvernig samtökin geta komið að henni. Getur SÍSL komið að kennarakennslu og þá á hvaða hátt? Námskeiðshald, masterklassa eða bara hreinlega skóli? Ingi Garðar vill stofna skóla strax í haust þar sem kennaranám yrði aðalatriði. Bendir á að sífellt færri tónlistarkennarar hafi kennarapróf og margir hljóðfæraleikarar / tónlistarnemendur hafi ekki kost á því námi þrátt fyrir mikinn áhuga.

Hugmyndavinna þarf að fara í gang og setja niður á blað þær hugmyndir sem upp koma. Baldur Grundarfirði býður sig fram í hugmyndavinnu og skilur vel þörfina.

Vilborg er ekki eins viss um að SÍSL sé rétti aðilinn til að sjá um sennslu, frekar að þrýsta á um að það sé gert. Leggur áheslu á að allir í SÍSL vinni saman og sameinuð sé þetta hópur sem seti haft áhrif.

Kári er með þá hugmynd að taka strengjaleikara með í samtökin. Þá fjölgi í hópnum og það gefi möguleika á öðrum samsetningum hljómsveita. Fleiri meðlimir vegi meira í þrýstingi á stjórnvöld. Einar leggur til að fundurinn komi með ályktun þar sem SÍSL þrýsti á um að tónlistarkennaramenntun verði tekin til endurskoðunar og leggur til áframhaldandi vinnu í því máli. Daði leggur til að sent verði bréf til Tónlistarskólans í Reykjavík þar sem lýst sé áhyggjum okkar á

kennaramenntun. Gott að senda það líka á STS svo menn þar viti okkar áhyggjur. Gott væri að skoða námskrá gömlu Blásarakennaradeildar TR og skoða hvort hægt sé að búa hana eitthvað niður í námskeiðsform sem hægt væri að kynna Menntamálaráðuneytinu. Baldur, Kári og Jóhann Björn bjóða sig fram í vinnu til að skoða þau mál. Ingi Garðar verður tilbúinn á hliðarlínunni ef með þarf.

f) Jóhann Björn segir frá stjórnendanámskeiði á vegum Tónlistarskólans í Garðabæ. Mjög mikil aðsókn var á námskeiðið, 10 komust að en 18 urðu frá að hverfa. Góður grundvöllur virðist vera fyrir svona námskeið.

g) Vilborg ræðir um Hörpuna sem tekin verður í notkun í næstu viku og eru allir spenntir að sjá og heyra hvernig hún muni reynast. Lúðrasveitin Svanur verður með tónleika í Hörpunni 16. maí, verður spennandi hvernig það muni hljóma. Gríðarlegur kostnaður við leigu á Hörpunni. Skólahljómsveit Kópavogs og Skólahljómsveit Austurbæjar munu leika í Hörpunni helgina 7. og 8. maí og er það tilkomið vegna góðs gengis í Nótunni. Skoða mætti hvort SÍSL geti þrýst á um endurskoðun gjaldskrár svo fleiri geti notið þess að spila í Hörpu.

h) Landsmót á næstunni. Landsmót verða á Akureyri fyrir A og B sveitir í maí 2012 og C og D sveitir á Selfossi í október 2011. Vinna vegna Lúðrasveitar Æskunnar þarf að fara strax í gang vegna æfinga sem fyrirhugaðar eru í september svo náist í heila sveit.

Vilhjálmur ræðir nokkur nál vegna landsmóts á Akureyri. Dagsetning er smá vandamál vegna anna á Akureyri þar sem Andrésar Andarleikarnir eru sömu helgi. Akveðið að hafa þá dagsetningu sem áður hafði verið ákveðin og skoða með að fá KA heimilið. Rætt hvort hægt sé að hafa tónleika í Hofi þó ekki sé pláss fyrir tvær uppsetningar á sviðinu. Menn eru sammála um að ekki sé nauðsynlegt að hafa uppsetningarnar tvær, og gaman væri ef hægt sé að hafa tónleikana í Hofi. Kári spyr hvort hægt sé að víxla mótum en Jóhann Selfossi tekur það ógerlegt.

Eggert segir aðgestgjafar þurfi að taka það saman hversu margir komist í gistingu í nágrenni KA heimilis og gefa út lokafrest til lúðrasveita vegna umsókna.

Daði vill fá umsóknareyðublöð vegna LÆ núna svo hægt sé að festa krakkana núna strax í sveitina fyrir haustið.

Ingi Garðar leggur til að sér nefnd sjái um LÆ, en reyndir fundarmenn segja að sú nefnd hafi verið til en eggji gengið.

Jóhann Höfn: LÆ í september er líka hugsuð sem kynning á LÆ þar sem margir ungir spilarar viti ekki hvað LÆ er.

Daði segir að Nótan hafi verið flottur skóli fyrir krakkana og vel að öllu staðið. Útkoma lúðrasveita í Nótunni sýni að við getum borið höfuðið hátt án allrar minnimáttarkenndar. Spurning hvort LÆ geti tekið þátt í Nótunni og nota það sem gulrót á krakkana.

Jóhann Selfossi segir gistingu, 3 æfingastaði og tónleikastað vegna landsmóts C og D sveita í haust vera á hreinu. Þarf að fá nokkuð nákvæma tölu á fjölda nú í vor.

i) Jóhann Björn veltir upp spurningu um sumarnámskeið þar sem margir skólakrakkar verði atvinnulausir í sumar. Fundarmenn telja það erfitt í framkvæmd auk þess sem nokkur slík séu skipulögð nú þegar.

j) Össur: Er ánægður með hlut lúðrasveita í Nótunni. Allt gekk vel og verður örugglega enn betra næst. Athygli er að aukast á Nótunni og allir eru að leggja sig mikið fram. Vonast til að á næsta ári verði Nótan enn flottari og hvetur lúðrasveitastjórnendur til að koma með sveitirnar og taka þátt. Varðandi landsmót leggur Össur til að skoðað verði hvort ekki megi vera með AB mótin nær Reykjavík og CD mótin lengra frá. Það sé mikið auðveldara að ferðast með eldri krakkana. Segir að sumarnámskeið sem og LÆ þurfi stóra gulrót fyrir krakkana til þess að þau hafi áhuga á að vera með. Ef ekkert sérstakt er, verður þetta ekki spennandi fyrir krakkana.

c)

k) Ingi Garðar kynnir starf sitt í viðgerðum. Gerir við bilaða lúðra og beiglaða. Best að senda

tölvupóst á ingigardar@gmail.com.

l) Eggert lýsir sig sammála Össuri varðandi ferðalög á landsmót, uðveldara sé að ferðast styttra með yngri krakkana. Segir ennfremur að á næstu dögum verði sendar út upplýsingar vegna lokadags skráningu og fl. vegna landsmóts á Selfossi og LÆ.

m) Vilhjálmur segir frá heimsókn færeyskrar lúðrasveitar til landsins og spyr hvort mögulegt sé að LÆ kæmi samna, æfði og færi svo til útlanda í framhaldi af því. Það er nú væntanlega ekki inni í myndinni fyrir okkur vegna mikils kostnaðar. Færeyska sveitin fékk gríðarlega styrki til fararinnar sem erfitt yrði að fá hér.

n) Ingi Garðar kallaður til í nefnd vegna LÆ.

o) Össur er ánægðari með það skipulag sem nú er +i gangi vegna LÆ fyrir næsta haust heldur en það sem kynnt var í vor og fellt niður. Fyrir Skólahljómsveit K'opavogs væri betra að hafa CD mót að vori og AB mót að hausti. Betur liggi fyrir mönnun á AB sveit snemma hausts en CD sveit. Æfingabúðakerfið á landsmótum henti vel fyrir AB sveitir en ekki eins fyrir CD. Nemendur SK voru ekki sáttir eftir landsmótið í Mosfellsbæ, þeirra metnaður hafi verið meiri en það sem kom út úr því móti. Gamla formið gæti verið með þar sem sveitirnar séu færri en voru í gamla daga.

p) Steinar: Þakkar fyrir sig og finnst gaman að vera í þessum hópi og heyra um allt það sem er í gangi.

q) Jóhann Björn spyr hvort sinfóníuhljómsveit Æskunnar væri eitthvað sem vert væri að skoða, gæti virkað sem góð gulrót.

r) Skiptar skoðanir eru á því sem og mikilvægi stjórnendavals/vals leiðbeinenda fyrir krakkana. Það er okkar stjórnendanna að kynna LÆ og stjórnendur hennar í hvert skipti fyrir nemendum og fer skoðun og vilji krakkana til þátttöku mikið eftir því hvernig þetta er borið á borð fyrir þau. Einnig er bent á Nótuna til að uppfylla óskir þeirra sem vilja keppni.

Baldur telur fyrirkomulag landsmóta mjög fínt og er hlyntur æfingabúðaforminu. Það gefi kost á því að taka þátt þó ekki komi heil sveit frá öllum. Var ánægður með tónleika sveitanna í Mosfellsbæ.

Jóhann Björn telur val stjórnenda hvetjandi til þátttöku fyrir krakkana.

Karen segir að LÆ þurfi að vera sveit alls landsins en kjarni sveitarinnar sé þó úr nokkrum sterkum sveitum. Erfitt sé þó að trysta á að þær sveitir geti staðið undir LÆ. Allir þurfi að hjálpast að og nota þau sambönd sem til eru til að útvega góða stjórnensdur fyrir LÆ.

Jóhann Höfn segir að það sem miður hafi farið sé til að læra af því og ekki megi gleyma skyldu okkar til að kynna fyrir krökkunum verk gömlu meistaranna, það sé uppeldislegur og fræðslulegur þáttur starfsins.

Vilhjálmur segir vert að athuga svort þátttaka í LÆ geti getir nemendum einingar í skóla. Hans álit er að helst eigi LÆ að spila sem mest af “orginal” tónlist fyrir lúðrasveitir og minna af útsetningum.

Vilborg segir að mikilvægt sé að hafa rétt hlutföll hljóðfæra innan LÆ og að sveitin sé rétt sett saman. Ef ekki er hægt að hafa LÆ í flottum klassa að gera þá eitthvað annað í staðin sem hentar þeim hópi sem til er í það skiptið.

Jóhann Höfn segir að hægt sé að fá einingar fyrir tónlistariðkun í skólum á Höfn.

Fundarstjóri hefur lokað mælendaskrá og slítur fundi kl. 15:01.

Margrét Birna Sigurbjörnsdóttir
fundarritari



Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð

8. fundur 2011, fundur haldinn í Miðhúsum 1. Maí kl. 16.00

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Eggert Björgvinsson og Vilborg Jónsdóttir

- Stjórnin skipti með sér verkum. Halldór Sighvatsson tekur við formennsku, Eggert Björgvinsson verður áfram gjaldkeri og Vilborg Jónsdóttir tekur við sem ritari.
- Símafundur munu halda áfram eins og fyrri stjórn hafði það, snemma morguns á mánudögum og/eða föstudögum eftir því sem þurfa þykir. Athuga þarf kostnað vegna símafunda.
- Rætt um tölvumál og ljóst að enginn í stjórninni hefur það sem sérstakt áhugamál. Ákveðið að leita til félagsmanna um aðstoð t.d. Einar Jónsson
- Gengið frá praktískum málefnum sem snúa beint að stjórninni s.s. uppsetningu á fundargerðum, logo og samskipti stjórnar
- Lúðrasveit Æskunnar: búið er að ræða við Guðmund Óla um að stjórna, einnig skoðuð þau verkefni sem stjórnin hefur þegar ákveðið (sjá fundargerð frá 4. 4. 2011) og rætt um að gaman væri að fá nýja útsetningu af lagi eftir Pál Ísólfsson.
- Velt var upp spurningunni hvernig á að velja í hljómsveitina?
- Stjórnin hefur sett upp óska stærð blásarasveitar sem miðast við þau verk sem á að æfa á námskeiðinu.
- Flautur : 10
- Óbó: 2
- Klarinett: 16 þar af eru 2 bassaklarinett, 1 es klarinett og 2 altoklarinett
- Altsaxófónn: 4
- Tenórsaxófónn: 2
- Baritonsax: 1
- Horn: 4
- Básúnur: 4
- Bariton: 2
- Túba: 4

- Slagverk: 4 eða samtals 61 hljóðfærarleikari
- Semja þarf umsókn fyrir LÆ til að senda út og á heimasíðuna. Þar þarf að koma fram nafn, heimilisfang, kt., hljómsveit, hljóðfæri, próf og tímasetning prófs.
- Æfingar verða í Grafarvogi 23. – 25. September í Grafarvogi og svo á landsmóti á Selfossi 7. – 9. Október. Greiða á eitt gjald fyrir báðar helgar, allt innifalið í gjaldinu.
- Tala við Einar Jónsson um að setja upp umsóknina, Halldór sér um það
- Heimasíðan, þarf að laga hana til og fá meiri virkni á síðuna. Fá Malcolm til að vinna meira í síðunni og greiða fyrir þá vinnu eins og þarf. Eggert ræðir við hann.
- Umsókn fyrir næsta landsmót C/D mótið, þarf að útbúa hana.
- Athuga með að fá Ingó og Veðurguðina á ballið á landsmótinu
- Umræða um C/D mótið, hvernig viljum við hafa það? Eigum við að breyta fyrirkomulaginu?
- Umræða um að fá LÆ á A/B mótið á Akureyri og halda tónleika í Hofi 27. – 29. apríl, þarf að semja við Guðmund Óla og kanna hvort það sé möguleiki.
- Ræða þarf við Jóhann Stefánsson á Selfossi vegna væntanlegs C/D móts. Bóka hljómsveit og athuga með útgáfu blaðs sem þarf að fara að undirbúa núna. Allir græða á blaði en krefst heilmikillar vinnu. Hægt að selja auglýsingar fyrir meira en kostnaði.
- Fundi slitið kl. 18.00 og næsti fundur boðaður í síma mánudag 9. maí

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð

9. fundur 2011, símafundur 9. Maí kl. 8.15

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Eggert Björgvinsson og Vilborg Jónsdóttir

- SÍSL er með Google – dox geymslusvæði
- LÆ umsóknin – taka þarf út rauðar stjórnur, setja inn dagsetningu prófs
- Útbúa umsókn þar sem fram kemur að LÆ sé sameiginleg hljómsveit skólahljómsveita á landinu og hver inntökuskilyrðin séu, t.d. vera meðlimur í hljómsveit eða skóla sem er aðili að SÍSL. Takmarkaður fjöldi á hverja rödd
- Inntökuskilyrðin – hafa lokið a.m.k. grunnprófi og skuldbindi sig til að taka þátt í öllu námskeiðinu. Stjórn SÍSL áskilur sér rétt til að velja/meta umsækjendur.
- Tímasetningar fyrri helgin í Grafarvogi og seinni helgin á Selfossi á landsmótinu
- Gisting í boði fyrir þá sem vilja og kostnaðurinn er 14.000,- kr. Fyrir báðar helgar, innifalið gisting, fæði, námskeið og allt tilheyrandi.
- Umsóknarfrestur 1. Sept.
- 5. september þarf stjórn að taka ákvörðun af eða á með LÆ
- Hafa fund í haust 22. Ágúst til að fara yfir stöðu mála
- Rætt um heimasíðuna, hvað eiga allir að sjá og hvað er bara fyrir stjórnina? Malcolm hefur umsjón með síðunni. Halldór ræðir við hann.
- Heimasíðan – pdf skjöl sjást ekki nema vera skráður inn. Nýjar fundargerði sjást í word ef allir eiga að sjá.
- Jóhann gat ekki breytt aðgang fyrir Vilborgu, lista upp fyrir Malcolm hverju við viljum breyta.
- Vantar rúllandi myndir og fleiri fréttir og umferð og virkni á síðuna.
- Einar Jónsson átti að sjá um síðuna en nú er hann ekki lengur í stjórninni.
- Að hverju þarf stjórnin að hafa aðgang að til að breyta?
- Númerakerfi hljómsveita – póstnúmerakerfi.
- Vantar aðgang fyrir Bolungarvík
- Hverjir eru notendur að síðunni?
- Nota hana sem samskiptasíðu fyrir stjórnendur

Fundi slitið kl. 9.30

10. Stjórnarfundur 2011

Dagsetning:

Wed, 22/06/2011

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð

10. fundur 2011, símafundur 30. Maí kl. 8.30

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Eggert Björgvinsson og Vilborg Jónsdóttir

- Rætt um að sækja um í tónlistarsjóð
- Vallaskóli á Selfossi tekur 450 manns í gistingu, það verður hámarksfjöldi á C/D mótið, Jóhann Stefáns sér alfarið um þetta Eggert talar við hann.
- Stjórnendur sem verið er að skoða að tala við eru: Rúnar Óskarsson, Brjánn Ingason, Róbert Darling, Alberto Carmeno, Kjartan Óskarsson. Búið að tala við Kaldo Kiis, hann vildi ekki og Daníel Bjarni var upptekinn.
- Laun stjórnanda er 100 þús. Ásamt fæði og húsnæði á mótinu.
- Trommuhópur, spurning um að getuskipta hópnum, æfa t.d. latin. Fá Frank Aarnik til að taka að sér trommarana og undirbúa það verkefni.
- Búið að ræða við hljómsveitina Veðurguðirnir, mjög dýrir taka 500 þús. Viljum hljómsveit sem virkar fyrir þennan hóp, má vera eitthvað annað. Hljómsveit á Selfossi sem Jói ætlar að tala við. Spurning um að fá skemmtiatriði t.d. Ingó eða Jón Jónsson
- Hvað eru margir að senda þátttakendur á C/D mót? Mjög líklega innan við 20 hljómsveitir að taka þátt. Í Mosó voru frá 14 stöðum. Og um 25 trommarar
- Óskum eftir að fá Össur Geirsson til að útsetja lag eða lög eftir Pál Ísólfsson
- Vantar upplýsingar um skiptingu milli sveita á landsmóti, þarf að finna eldri fundargerð frá þessum tíma. Halldór og Eggert skoða það
- Mikilvægt að geta sent póst í nafni sísl. Eggert ræðir við Malcolm vegna ritstjóra aðgangs að sísl síðunni.
- Þurfum að sjá útsetningar eftir Snorra Heimisson af Bahama og lög eftir Magnús Eiríksson útsett af Jóhanni Mór.
- Ræða við reynda stjórnendur varðandi lagaval t.d. Karen.
- Þurfum að hlusta á Avatar og meta hvort það nýtist okkur

Fundi slitið kl. 9.45

11. Stjórnarfundur 2011

Dagsetning:

Wed, 22/06/2011

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð

11. fundur 2011, símafundur 20. júní kl. 8.30

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Eggert Björgvinsson og Vilborg Jónsdóttir

- Búið að ráða Brján Ingason til að stjórna einni sveitinni á C/D mótinu, ekki hefur gengið að ná í Rúnar.
- Þarf að ná sambandi við Guðna Franz til að innheimta nótur sem hann er með
- Eggert leggur til að fá Einar Jónsson til að útsetja lag eftir Shakira – Vagga, vagga sem gæti nýst sem trommulag
- Á að fá Einar Jónsson til að aðstoða Snorra Heimis við að laga útsetningu af Bahama.
- Þarf að laga lög eftir Magnús Eiríksson sem Jóhann Móravek hefur útsett fyrir sína sveit.
- Þarf að ýta á Jón Björgvinsson varðandi útsetningu af Gordjöss
- Þarf að ýta á Össur Geirsson varðandi útsetningar af lögum Páls Ísólfssonar
- Vantar tékklista yfir landsmót – Eggert ætlar að útbúa einn slíkan
- Bolir á landsmótið, þarf að útbúa eða velja mynd aftan á bolina. Fá Jóhann Stefáns til að kanna það. Þarf einnig að skoða sísl logo vegna bolaframleiðslu
- Bros – bolir hafa séð um framleiðsluna
- Jóhann Stefáns búinn að ræða við hljómsveit fyrir ballið um kvöldið
- Malcolm hefur ekki svarað varðandi stjórnenda aðgang á sísl síðuna svo hægt sé að senda póst í nafni sísl. Spurning hvort Einar Jónsson hafi þessi leið?
- Armbönd? Einar geymir þau, spurning hvort það sé nóg af þeim. Fyrirtækið „Margt smátt“ með armbönd ásamt medalíum.
- Þarf nýjan bikar fyrir mótið fá Jóhann Stef. Til að tala við Rótary á Selfossi um að gefa bikar. Síðast keyptur bikar af aðila á Akranesi, þarf að vera til einn bikar á hverju landsmóti og ekki nota hann of lengi.
- Eitthvert logo frá Akranesi sem hefur verið notað á landsmótum, þarf að endurskoða það.
- Þurfum að muna eftir A/B mótinu og kanna hverjir verða tengiliðir þar? Vilhjálmur Ingi, Hjörleifur, foreldrafélagið, allir?
- Athuga með að það er takmarkaður fjöldi þátttakenda á Selfossi – 450.

Fundi slitið kl. 10.00

12. stjórnarfundur 2011

Dagsetning:

Mon, 29/08/2011

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr. 12

12. fundur 2011, símafundur 23. ágúst kl. 8.30

Pátttakendur: Halldór Sighvatsson, Eggert Björgvinsson og Vilborg Jónsdóttir

- Farið yfir samantektarblað úr tölvupóstum sumarsins og helstu mál varðandi LÆ og landsmótið
- Skipulagðar tímasetningar fyrir LÆ og ákveðið að hefja æfingu í Foldaskóla á föstudegi 23. sep. Kl. 19.30 – 22.30. Lestraræfing með Guðmundi Óla
- Laugardagur frá kl. 10 – 18 og sunnudagur frá kl. 9.00 – 15.00
- Framlengja á umsóknarfrest í LÆ til 8. September
- Senda tölvupósta á alla og auglýsa LÆ, ýta eftir stjórnendum að senda inn nemendur
- Hafa samband við Frank um slagverkið á landsmótinu, ef hann er upptekinn þá að tala við Steif
- Ganga þarf frá útsetningum sem fyrst sem nota á á landsmótinu
- Panta þarf viðbótarambönd í gulu og rauðu (trúlega hjá Margt smátt) Eggert sér um það
- Bolirnir trúlega keyptir hjá Bros bolir
- Þarf að hafa samband við Jóhann Stef. Vegna myndar sem nota á á bolina og merkin, það þarf að ákveða og velja mynd.
- Panta gistingu á Selfossi fyrir stjórnendur
- Senda fundarboð á varastjórn sem eru Karen, Daði og Lárus ásamt Einari og Jóhanni, sameiginlegur símafundur á mánudag 29. ágúst kl. 8.15
- Lítil tími til að ræða dagskrá landsmótsins, en umræðan snýst um hvernig við viljum hafa þessi mót? Er aldursskiptingin rétt á milli móta eins og skiptingin er núna?
- Setja inn í póstinn hvernig stjórn SÍSL skiptir með sér verkum

Fundi slitið kl. 10.30

13. stjórnarfundur 2011

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr. 13

13. fundur 2011, símafundur 29. ágústkl. 8.15

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Eggert Björgvinsson og Vilborg Jónsdóttir, Jóhann Stefánsson, Karen Sturlaugsson, Einar Jónsson og Lárus Grímsson

Allir stjórnarmeðlimir aðal- og varastjórn ásamt Jóhanni frá Selfossi og Einari boðaðir á fundinn. Daði Þór boðaði forföll

- Rætt um umsóknir hjá LÆ. Ekki komnar nægilega margar umsóknir og heldur fleiri frá þeim yngri en eldri búnir að sækja um. Þarf að hvetja krakkana til að taka þátt. Hver stjórnandi að skoða sinn hóp og hafa samband við nemendur sem ættu erindi í LÆ
- Þarf að búa til nákvæmari dagskrá æfingahelgarinnar fyrir LÆ svo hægt sé að skipuleggja foreldrahópinn sem verður í Foldaskóla. Guðmundur Óli er að fara yfir dagskipulagið.
- LÆ verður með tónleika á laugardag, spurning hvort það þurfi að vera eitthvert skemmtiefni til að spila?
- Flestar sveitir að hefja starf í þessari og næstu viku.
- Landsmót var næsta umræðuefni
- A/B mótin orðin mjög fjölmenn. Spurning hvort ætti að skipta mótum á annan hátt til að jafna út fjölda á mótunum? T.d. A – mót og svo B/C mót? Þarf að skoða fyrir næstu landsmót eftir 2 ár.
- Er form mótsins heppilegt? Þ.e. að skipta í gulan, rauðan, grænan? Form mótanna þarf alltaf að vera í endurskoðun.
- Mikilvægt að stjórnendur raði sínum nemendum í rétta getuskipta hópa, ekki láta þau hafa of erfið verkefni.
- Stjórnendur vilja fá nótur á netið sem fyrst svo hægt sé að byrja að æfa
- Nýjar útsetningar ekki tilbúnar, þarf að fara með aðrar nótur í ljósritunarstofu og setja á heimasíðu SÍSL
- Landsmótið verður haldið á Selfossi
- Gisting og æfingar verða í tveim grunnskólum og tónlistarskólanum. Íþróttahúsið verður notað sem tónleikastaður og fyrir ballið. Sundlaugin við hliðina á. Sturtuaðstaða í íþróttahúsinu.
- Þarf að skipuleggja vel sund og sturtuferðir
- Á laugardagskvöld er búið að panta Ingó veðurguð og hljómsveit á Selfossi. Ballið getur orðið til kl. 01.00 ef við viljum það.
- Hvað gerum við svo annað á mótinu en að spila? Heilmiklar umræður fóru fram um hvernig væri hægt að hrista saman hópinn. Bjóða t.d.sveitunum að koma með skemmtiatriði. Föstudagskvöldið gæti verið opið fyrir skemmtiatriði eða tónleika frá einhverri sveit. Jóhann sagði að hugsanlega væri hægt að fá Stórsveit Suðurlands til að spila ef við viljum það.
- Það væri líka hægt að vinna meira með litasveitirnar og þær gerðu einhverja hluti til að kynnst betur. Hægt væri að búa til valflokka þar sem allir velja sér eitthvert verkefni til að vinna að. Gæti bæði verið innan litasveitanna eða sem einstaklingar. Þá þarf meira starfsfólk til að sinna þeim verkefnum. Það gætu verið foreldrar úr

sveitunum. Stjórnarmeðlimir ætla að vera í samskiptum á netinu til að koma með hugmyndir.

- Spurning hvað þarf að æfa mikið til að lögin hljómi á sunnudag. Ef undirbúningur er góður hjá nemendum þá er alveg tími til annarra hluta.
- Jóhann var líka búinn að ræða við þá á Draugasetrinu á Stokkseyri. Þar geta þeir tekið á móti um 100 manna hópum í einu. Með rútunni myndi sá pakki kosta kr. 1500 á mann.
- Ballið verður í íþróttahúsinu og mögulegt er að gera salinn meira kósí með ljósum.
- Umgengnisverðlaunin/prúðmennskuverðlaun – þarf að ræða þau fyrirfram við stjórnendur. Stjórn þarf að búa til lista yfir hvað er verið að meta í þessum verðlaunum.
- Snyrtileg stofa? Framkoma á mótinu? Umgengni í matsalnum? Alltaf erfiðara fyrir stóru sveitirnar.
- Foreldrahópurinn sem sér um eftirlitið er fljótur að sjá frá hvaða sveitum nemendur eru og geta vel staðsett hópinn.
- Ræða prúðmennskubikar bæði við mótssetningu og mótsslit
- Tónleikar á sunnudag verða kl. 13.00 og heimferð og mótsslit að þeim loknum.
- Landsmótsblað verður gefið út á Selfossi. Það þarf að skila inn greinum og myndum fyrir 20. September. Gaman að hafa fjölbreyttar myndir frá sveitunum.
- Mynd á bolina og merkin verður merki Tónlistarskóla Selfoss
- Foreldravakt verður allan sólarhringinn frá foreldrafélaginu á Selfossi 2 – 3 foreldrar hverju sinni.
- Mæting á föstudag á Selfossi milli kl. 17 – 18 og mótssetning kl. 18.00
- Tölvupóstsendingar frá SÍSL heimasíðunni hefur ekki skilað sér til allra.

Fundi slitið kl. 9.40

14. stjórnarfundur 2011

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr. 14

14. fundur 2011, símafundur 12. September kl. 8.15

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Eggert Björgvinsson og Vilborg Jónsdóttir, Jóhann Stefánsson, Einar Jónsson

Fyrri hluta símafundar var einungis með stjórninni. Einar og Jóhann bættust í hópinn kl. 8.45

- Rætt um dagskrá LÆ. Æfing hefst í Foldaskóla kl. 19.30 – 22.30 ákveðið að byrja þá ekki hafa neinn sameiginlegan mat á undan.
- Vantar enn þá í slagverkið, bara einn búinn að skrá sig. Ákveðið að tala við Karen, Kára og Össur og athuga hvernig málin standa hjá þeim. Þegar Einar bættist við á fundinum þá kom í ljós að hann var með fleiri slagverksmenn.
- Einnig vantar óbó, tenórsax og leiðandi horn
- Ljóst að of margar umsóknir komnar í nokkrum deildum. Halldór ræðir við Guðmund Óla um hvort það eigi að leyfa ríflegan fjölda í baritonum, altósöxum og túbum. Ef það er samþykkt þá þurfum við aðeins að hafa prufuspil í básúnum, trompetum og flautum.
- Ákveðið að allir sem hafa lokið miðprófi komist inn.
- Prufuspil ákveðið sunnudag 18. sept í Laugarnesskóla kl. 11.00
- Vilborg og Halldór munu hlusta og athuga á hvort Karen Sturlaugs. Sé tilbúin að vera með.
- Nemendur spila eitt verkefni að eigin vali.
- Stjórnin ekki sammála um hvort LÆ hópurinn eigi að gista eða ekki.
- Búið að athuga hvort það séu einhverjir góðir tónleikar þessa helgi eða annað sem gæti verið eftirsóknarvert fyrir þennan hóp. Ekkert fannst
- Haft var samband við Örnu hjá Sinfó og athugað hvort hægt væri að fá hljóðfæraleikara þaðan til að spila fyrir LÆ. Ekki til peningur þar til slíkra hluta en Arna mjög áhugasöm um slík verkefni og taldi að þetta ætti að vera inn í starfi hljóðfæraleikaranna.
- Nótanefndin sem skipa Einar, Karen og Össur um það bil að ljúka störfum. Hafa þá farið yfir allar nýju útsetningarnar m.t.t. uppsetningar sem gerðar voru tillögur um í vor á aðalfundi þar sem staðla á útsetningaform og hvernig útsetningum er skila frá útsetjurum.
- Einar tók að sér að gera forsiður fyrir allar útsetningarnar, hann ætlar líka að sjá um að fara með þetta í prentun.
- Halldór og Vilborg hittust og röðuðu öllum verkefnum niður á hljómsveitir fyrir landsmótið. Gerðar voru örlitlar breytingar frá fyrri tillögum.
- Dagskrá á landsmóti á föstudag mæting kl. 16.30 – 18.00
- Matur kl. 17.30 – 18.00 – 18.30 – 19.00
- Æfing kl. 19.00 - 20.00
- Setning kl. 21.00 og tónleikar, spurning hvort það eru einhverjar hljómsveitar sem vilja spila? Jóhann búinn að nefna við Stórsveit Suðurlands að koma og halda tónleika ef vantar atriði.

- Senda þarf út þátttökutilkynningu til allra núna í vikunni. Halldór er með eyðublað frá því á síðasta landsmóti sem ætti að vera hægt að nota. Muna eftir að setja inn þátttökugjaldið sem er kr. 14.000,-
- Í boði að fara með alla í Draugasetrið á Stokkseyri. Kostar kr. 1500 á mann með rútuferðinni.
- Samþykkt að hafa það inn í dagskrá mótsins
- Jóhann búinn að ræða við Rótary á Selfossi um að fá hjá þeim nýjan bikar fyrir umgengnisverðlaun
- Nauðsynlegt að kynna tilgang fyrir þessum verðlaunum vel fyrir öllum fyrirfram.
- Jóhann búinn að tala við EB hljóðkerfi um lýsingu og hljóð í íþróttahúsinu alla helgina. Míkrafónn fyrir kynni, ljós og hljóð fyrir ballið á laugardagskvöldi.
- Búið að ráða kokk. En nú vantar nauðsynlega fjöldatölur
- Fá kokkinn til að gera matseðil, Jóhann og Eggert verða í sambandi vegna þessa.
- Frítt verður í sund
- Ingó verður með skemmtiatriði á laugardagskvöldi kl. 9.30 – 10.30.
- Ball frá kl. 10.30 – 01
- Jóhann með fána sem þarf að prenta á landsmótsmerki og dagsetningar
- Kveðjugjöf frá Selfossi ekki frágengin einhverjar hugmyndir í gangi, SÍSL hefur tekið þátt í að borga gjöfina. Ca. 20 gjafir
- Minna á að senda inn efni í blaðið.
- Þarf að skipuleggja aðstoðarmenn á æfingar í öllum sveitum.
- Þarf að gera ráð fyrir 5 slagverksaðstöðum og trúlega 5 sett af pákum.
- Senda þarf slagverk frá Höfuðborgarsvæðinu. Halldór athugar með að fá lánaðan bíl sem hægt verður að hafa alla helgina.

Fundi slitið kl. 10.00

15. stjórnarfundur 2011

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr. 15

15. fundur 2011, símafundur 19. September kl. 21.00

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Eggert Björgvinsson og Vilborg Jónsdóttir, Jóhann Stefánsson

- Fjöldatölur fyrir landsmótið áætlað 200 – 300 þátttakendur.
- Aðeins 2 stjórnendur búnir að senda inn efni í blaðið. Það eru Össur og Vilborg
- Hugsanlega koma nemendur frá Ísafirði og frá Fáskrúðsfirði, mjög ánægjulegt. Engir koma frá Höfn að þessu sinni.
- Halldór ætlar að senda póst til að ítreka að fá staðfestingu frá þeim stöðum sem ætla að taka þátt í þessu móti svo hægt sé að hafa sérstaklega samband við þá staði.
- Mótsgjaldið er fyrir alla þátttakendur, stjórnendur og aðstoðarmenn. Innifalið er gisting, matur, skemmtun, ball, sund, draugasetur og þátttaka í öllu mótinu. Ekki er neitt gjald fyrir hverja hljómsveit.
- LÆ krakkar borga ekkert fyrir sína æfingahelgi.
- Jóhann mun koma fánum í bæinn
- Jóhann búinn að útvega bikar fyrir þrúðmennsku. Hugmyndin að hver bikar verði veittur ca. 3x og síðan verði hann til eigna á upphaflega staðnum.
- Halldór ætlar að finna textann og SÍSL logo sem á að skrifa á bikarinn og koma til Jóhanns.
- Eggert sér um að panta boli núna í vikunni. Jóhann þarf að senda logo til að hafa aftan á bolunum.
- Panta á gulan, rauðan, grænan, bláan, svartan. Nota fullorðinsstærðir.
- Sleppa hvítum bolum og kaupa auka stórar stærðir í litunum fyrir aðstoðarmenn.
- LÆ notar bláa boli og fer í máttun næstu helgi.
- Líklega verða um 30 manns í vinnu á Selfossi við alls konar aðstoð.
- Þarf að senda út tölvupóst til hljómsveita um hverjir vilja spila á föstudagskvöldi
- Skipuleggja þarf ferðir í Draugasetrið. Trúlega 4 holl sem byrja eftir hádegi. Tekur um klst. og 15 ferðin. Jóhann sér um skipulagið.
- Rúmlega 100 geta borðað í einu og gert ráð fyrir hálf tíma á sveit
- Þarf að búa til dagskrá fyrir landsmótið. Ekki kaffæra liðið í æfingum.
- Skipuleggja þarf hvenær er sund/sturta
- Hvað þýðir ró á gististöðum? Og hvenær verður ró?
- Á laugardag er ball til kl. 01. Eðlilegt að ró verði komin kl. 02
- Enn eru lausir endar varðandi dagskrá föstudagskvölds. Vantar hljómsveitir til að spila eða spurning með aðra dagskrá t.d. Stórsveit Suðurlands.
- Jóhann ætlar að búa til dagskrá og senda okkur í vikunni
- Spurning um að fá bæjarstjórnann á Selfossi til að tala.
- Mótsslit og afhending þrúðmennskubikars verður um kl. 14.30 – 15.00
- Búið er að græja sendibíl sem við höfum alla helgina í flutninga.

Fundi slitið kl. 22.30

16. stjórnarfundur 2011

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr. 16

16. fundur 2011, 25. September kl. 11.00

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Eggert Björgvinsson og Vilborg Jónsdóttir

Fundur haldinn á meðan LÆ stóð yfir í Foldaskóla

- Þarf að ræða framtíð LÆ
- Gisting á föstudag 29 nemendur
- Gisting á laugardag 39 nemendur
- Foreldrafélag Skólahljómsveitar Grafarvogs stóð sig vel en hefði þurft að vera meiri samskipti frá stjórn til einhvers í foreldrafélaginu varðandi fjölda í gistingu.
- Ekki var gengið frá fjölda í gistingu og foreldrar höfðu ekki nafnalista yfir þá sem ætluðu að gisti.
- Afgangur af kvöldmat á laugardagskvöld þar sem æfingu var lokið fyrir mat.
- Þarf að skoða dagskrá LÆ á landsmótinu
- Frá hvaða sveitum eru að koma þátttakendur á landsmót?
- Þeir sem eru búnir að skrá sig núna er: Kópavogur, Austurbær, Vesturbær, Árb/Breiðh., Grafarvogur, Mósellsb., Vestmannaeyjar, Þorláksh/Selfoss, Reykjanesbær, Akranes, Fjarðarb., Blönduós og 2 kennarar frá Ísafirði
- Þarf að skoða slagverkspörf
- Alls staðar trommuset, hvað með pákur, 5 sett?
- Stefnunum að hafa stjórnarfund með stjórn og varastjórn föstud. 21. Október
- Stjórnin stefnir á að hittast á Selfossi fimmtudagskvöld 6. Okt
- Hafa samband við Merkismenn varðandi prentun á fána
- Textinn: Landsmót SÍSL – Selfoss 2011. Nota sama font og er á fánunum
- Vantar enn atriði fyrir föstudagskvöldið á landsmótinu
- Spurning með Reykjanesb, Mosó, Stórsveit Suðurlands
- Finna aukaverkefni fyrir allar sveitir
- Gul – Groovee
- Rauð – Klezmer
- Græn – Robert með verkefni

Fundi slitið kl. 12.30

17. stjórnarfundur 2011

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr. 17

17. fundur 2011, símafundur 26. September kl. 8.15

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Eggert Björgvinsson, Vilborg Jónsdóttir, Jóhann Stefánsson

- Þurfum nauðsynlega að fá endanlegar fjöldatölur fyrir landsmótið
- Halldór sendir út póst til allra
- Ættu að vera 11 sveitir sem taka þátt
- Vantar texta í blaðið frá Fjarðarbyggð, Mosó og Vesturbæ, senda út ítrekun
- Þarf að bregðast hratt við textinn þarf að komast í prentun
- Prenta texta á 20 fána
- Mosó áhugasamir um að spila á föstudagskvöld, líka frá Reykjanesbæ
- Dagskráin að mótast. Móttaka á föstudag frá 16.00 – 17.30
- Ákveðið að stjórnin hittist á Selfossi á fimmtudagskvöldið 6. Okt. Helst að flytja eitthvert slagverk þá ef það er hægt að fá bílinn lánaðan.
- Stólaflutningur á föstudag, þarf sendibíl með lyftu. Halldór kannar hvort hægt sé að fá slíkan bíl. Annars þarf að leigja á Selfossi
- Dagskráin tilbúin í kvöld
- Greiðsluupplýsingar þarf að senda út á morgun til allra sveita. Þarf að vera búíð að greiða 3. Október
- Matseðill: Lasagne á föstud, kjötbollur í súrsætri sósu hádegi á laugardag, pizza um kvöldið, kjúklingaleggir í hádeginu á sunnudag.
- Kokkurinn sér um alla matarþöntun
- Öll skráning fer til Halldórs

Fundi slitið kl. 9.10

18. stjórnarfundur 2011

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr. 18

18. fundur 2011, símafundur 3. október kl. 8.15

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Eggert Björgvinsson, Vilborg Jónsdóttir, Jóhann Stefánsson

- Vantar enn upplýsingar frá einni hljómsveit
 - Athuga með að fá far fyrir Ísfirðingana frá Reykjavík á Selfoss, spurning um að fá þá í aðstoð á mótinu.
 - Aðstoðarmenn í sveitirnar. Halldór kominn með tillögur
 - Gul: Lárus Halldór Grímsson og Edward Jóhann Frederiksen
 - Rauð: Daði Þór Einarsson og Gestur Áskelsson er vont að festa Gest þar sem hann er jú í gestgjafahlutverki , kannski Margréti
 - Græn: Skarphéðinn Einarsson og Einar Jónsson þetta eru náttúrulega 2 brassmenn og Róbert er það líka ?
 - Minna stjórnendur að hafa nótnastóla fyrir alla
 - Gisting fyrir stjórnendur á Gistiheimilinu Menam
 - Einar kemur með partitúra af nýju útsetningunum fyrir stjórnendur
 - Það þarf að heyra betur í Eggerti Pálssyni slagverksmanni
 - Athuga hvaða slagverksleikarar vilja vera í hljómsveitunum?
 - Erfitt að ganga frá mætingu á landsmótið þar sem stjórnendur svara seint.
 - Þurfum 4 trommusett
 - Þarf að passa að það séu kaffitímar hjá öllum hljómsveitum
 - Prúðmennskubíkarinn: er fyrir framkomu, umgengni, kurteisi og annað sem þykir til fyrirmyndar
 - Mótssetning: Formaður setur mótið, fulltrúi bæjarsjórnar, Skólahljómsv. Mosfellsbæjar, sameiginleg sveit Skolaus og Skólahljómsv. Kópavogs, Skólahljómsveit Reykjanesbæjar.
 - Upplýsingafundur eftir tónleikana um kl. 22.00
 - Upplýsingafundur á laugardag um kl. 19.00
 - Óska eftir að fólk taki til á sunnudagsmorgun eftir því sem hægt er.
 - Róbert Darling búinn að skipta um lag í grænu sveitinni. Tekur út Avatar og setur inn Celtic ritual eftir John Higgins. Þar að senda út breytingar
 - Þarf að ganga frá sendibílapöntun hvort við fáum bíl með lyftu eða ekki. Nauðsynlegt að fá lyftubíl til að flytja stólana.
 - Athuga með ljósmyndara á mótið
 - Eggert talar við Pál Magnússon útvarpsstjóra og óska eftir að Magnús Hlynur á Selfossi verði með fréttaskot.
 - Athuga þarf athugasemdir varðandi mataróþol í umsóknum
 - Einn aðili kemur með matinn sinn sjálfur v. Mataróþols
 - Í lok mótsins verður gos, svali og prins póló, kokkurinn sér um að panta það.
 - Senda út dagskrána til stjórnenda.
-
- Fundi slitið kl. 9.30

19. Stjórnarfundur

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr. 19

19. fundur 2011, símafundur 14. nóvember kl. 8.30

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Vilborg Jónsdóttir

- Umræða um LÆ. Guðmundur Óli er tilbúinn í meiri vinnu með LÆ. Hugmynd að LÆ spili í Hörpu á Nótunni í mars á lokatónleikum.
- Þarf að kanna hvort allir vilji vera með áfram í LÆ.
- Búið að athuga að SÍSL getur fengið Hof á laugardegi á landsmóti A/B sveita á Akureyri 28. Apríl. Möguleiki að vera með tvenna tónleika fyrir landsmótið og eina tónleika sem væri selt inn á fyrir almenning.
- Ein æfingahelgi til að æfa upp nýtt efni
- Senda póst á alla þátttakendur og stjórnendur og biðja um svar fyrir 22. Nóvember um þátttöku.
- Hringja í Hjörleif skólastjóra Tónl.Akureyri og fá hugmyndir að tónlist fyrir landsmótið
- Athuga styrki á Akureyri fyrir útsetningum. Þarf að útsetja 5 lög, eitt fyrir hverja sveit.
- Fá lög í byrjun desember og senda út til útsetjara, skil á útsetningum 20. Febrúar
- Fá nótnanefndina til að fara yfir og leiðrétta fyrir prentun
- Fá nýjar útsetningar og hugsanlega nýja útsetjara, spurning um að skoða unga útsetjara
- Tala við LHI um nemendur þaðan sem gætu útsett
- Útsetjarar: Einar Jóns, Össur, Ingi Garðar, Martin, Lárus, Tryggvin, núna síðast Jóhann Mór, Jón Björgvins, Daníel Bjarna nýr maður en kannski meira fyrir eldri nemendur.
- Senda út skráningarblað fyrir landsmót í janúar.
- Skoða Exelskjalið og athuga hvort það sé hægt að laga það, þarf að vera hægt að leggja skjölin saman til að fá heildartölur
- Spurning hvort það eigi að senda inn þátttökutilkynningar á netumsóknum?
- Ræða við Malcolm og fá fund með honum vegna heimasíðu SÍSL, hver er framtíð síðunnar, athuga netföng á henni. Athuga með fund 21. Nón.
- Mikill áhugi á Ísafirði að halda næsta C/D mót, spurning um tímasetningu

Fundi slitið kl. 10.45

Félagsfundur 21. okt 2011

Dagsetning:

Mon, 24/10/2011

Félagsfundur SÍSL haldinn í Laugarnesskóla 21. Október kl. 10.00

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Eggert Björgvinsson, Vilborg Jónsdóttir, Jóhann Stefánsson, Daði Þór Einarsson, Einar Jónsson, Gestur Áskellsson, Karen Sturlaugsson, Þorvaldur, Margrét Sigurbjörnsdóttir, Össur Geirsson, Lárus Grímsson,

Dagskrá

- Umræða um nýafstaðið landsmót.
- Tímasetning.
- Laga/verkefnaval.
- Þátttökutilkynningar, áreiðanleiki, tímamörk o.s.fr..
- Óskir um að eldri sveitir fari í lengri ferðalög og yngri í styttri.
- Er komið að því að ráða framkvæmdastjóra í 50% starf í t.d. tvo mánuði fyrir landsmót ?
- Fyrirkomulag landsmóta eldri sveita C/D mót eða B/C mót og LÆ eða ? Námskeiðs, æfingabúða, eða tónleikafyrirkomulag.
- LÆ og framhaldið, gæti LÆ komið fram sem atriði á Nótunni (lokahátíð), í Hofi á A/B móti í vor. Hversu lengi „á“ hljóðfæraleikari sæti sitt í sveitinni.

Stjórnendur beðnir um að tjá sig um nýafstaðið landsmót á Selfossi.

Einar: mótið heppnaðist vel, námskeiðaformið virkar vel, ómöglegt hvað vantaði mikið af nótum fyrir hljóðfæraleikarana, óskipulag í slagverkinu, fínt húsnæði en ansi þröngt fyrir LÆ

Eggert: Krakkarnir ánægðir. Slagverkið ekki í lagi.

Landsmótið stendur ekki undir sér, eitthvað landsmót þarf að gefa pening til að hægt sé að sinna verkefnum.

Daði: Flott mót og stutt á milli staða sem er gott. Vill halda áfram með LÆ.

Upplýsingar til stjórnenda komu seint og dagskráin. Nemendur hans í hljómsveitinni tóku sjálf ákvörðun um að leggja metnað í Umgengis-hegðunarbikarinn (þau unnu hann). Slagverkið í lausu lofti.

Telur ekki að starfsmaður fyrir SÍSL myndi taka af allan kúfinn í vinnu.

Gestur: Slagverki verst og verkin þar ekki flutt. Vantaði aðstoðarfólk í sveitirnar, sérstaklega hjá þeim yngstu.

Jóhann: Form mótsins þarf að vera svona fyrir sveitir utan af landi. Slagverkið í steik. Vantaði nótur hjá mörgum. Vantaði einnig betri dreifingu á röddum.

(Aðal)Stjórnendur á mótinu stóðu sig vel, spurning um Brján þar sem hann fékk erfiðustu sveitina og með minnstu reynsluna. Þröngt um LÆ.

Lárus: Vantaði aðgengi að ljósritunarvél og verkefnaval dálítið erfitt. Róbert mjög

vanur maður. Gula sveitin leit illa á út á föstudag með erfið verkefni og minnst þjálfaðan hljómsveitarstjóra.

Þorvaldur: Slagverksleikarar ættu að vera í hljómsveitinum, þeir voru ekki svo margir og lítið mál að útvega öllum hlutverk.

Einar: Skráning kemur svo seint að það er erfitt að vita hvernig slagverkið verður. LÆ mætti gjarnan vera áfram. Mætti bæta við á mótið masterklassa í 2 tíma fyrir öll hljóðfæri en aðallega fyrir slagverkið.

Karen: Þetta æfingabúðaform fínt en þeim þótti ansi löng pása milli kl. 17.00 og 21.00. Vantaði meira að gera. Æfingar styttri hjá stjórnendum en gert var ráð fyrir. Mótið ungt, margir ungir nemendur. Efnisvalið ekki spennandi, spurning hvort Brennið þið vitar ættu heima í rauða bandinu? LÆ nemendur ekki fullkomlega ánægð með efnisvalið. Hægt að velja verkefni með góða slagverksparta svo slagverksleikarar hafi nóg að gera.

Lárus: Útskýrði að hann var með unga sveit vegna sameiningar hjá sér.

Margrét: Ballið allt of langt og vaka til kl. 02. Maturinn ekki góður oft kaldur.

Össur: Fínt mót og nemendur ánægðir. Allir láta mótið ganga upp. Þarf að undirbúa mótið fyrr. Nafnalista á að vera hægt að senda út fyrr. Dagskráin samskonar og undanfarin mót. Útsetningar og nótur hægt að klára fyrr. Kokkurinn fékk ekki upplýsingar um mataróþol og skyldi svo ekki hvernig ætti að leysa vandann. Dagskrá SÍSL þarf að vera nákvæmari, þarf að gera ráð fyrir að ganga á milli staða. Þarf að virða aldersmörk og stjórnin á að taka á þessum aldersmörkum. Fínt að hafa A/B mót með æfingabúðaformi en ekki fyrir C/D mót. Eldri sveitirnar vilja spila sjálfar. Fámennar hljómsveitir fá tækifæri til að spila t.d. með vinahljómsveit sem væri skipulagt með löngum fyrirvara og nemendur fá þá tækifæri til að æfa með vinahljómsveitinni fyrir mótið. Hafa masterklassa fyrir C/D krakka. Skipuleggja þarf fyrirfram að raða í raddir. Verkefni ekki of erfið en of ungir þátttakendur á mótinu. Slagverkið klúður, Eggert Pálss. Ekki maður í verkefnið. Mjög mikil breidd í getu slagverksleikara. Hafa slagverkið í sveitunum. LÆ gekk vel. Fritími langur fyrir suma en ekki alla. Hvert er hlutverk stjórnenda þátttökusveita á mótinu? Þarf að skipuleggja það en vill hafa tækifæri til að flakka á milli og fylgjast með. Leggur til að eldri nemendur fái forgang í einhverju á mótunum t.d. að þurfa ekki að labba á milli staða. Fá einhvern rétt svo það sé fínt að vera elstur.

Gæsla alls staðar þarf að vera ströng. Matartímar skipulagðir þannig að það sé tími til að komast á milli. Gott á fá vatn á flöskum. Rúmt í herbergjunum. Draugasetrið var fínt. Gott að fá langan frítíma. Ánægð með taflborðið. Vilja hafa keppni á milli hljómsveita.

Ánægður að þessi fundur skuli vera haldinn. Þarf að halda utan um þessi gögn og gera verkferil til að vinna eftir fyrir komandi mót.

Halldór: Allir ánægðir en hittu stjórnanda mjög lítið vegna anna hans í SÍSL verkefnum. LÆ krakkar mjög ánægðir.

Útskýrir af hverju æfingastaðir voru settir eins og þeir voru, en gula sveitin átti að vera stærst en það breyttist eftir.

- Ánægja með að nóg var til af bolum en ekki nógu margir stórir svo fararstjórar fengu ekki boli.

Daðiraðaði sinni sveit fyrirfram en þeirri skipan breytt vegna samkomulags við Eggert Björgv. Þar sem samsetning sveitanna var ójöfn. Félagsleg samsetning sveitanna þarf að vera í lagi ekki bara getulega.

Vilborg: Krakkarnir ánægðir og húsnæðið gott.

Útskýrði hluti sem stjórnin var að undirbúa t.d. var reynt að skipuleggja slagverkið og haft mikið samband við ýmsa slagverksleikara. Eggert Pálsson ráðinn þar sem aðrir voru uppteknir í vinnu. Hann var mjög óskipulagður en það var líka mjög erfitt að skipuleggja þegar stjórnendur senda skráningu sína svo seint. Sent mikið slagverk austur svo ekki vantaði neitt, en sumt ekki notað þar sem ekki var vitað hvað ætti að nota. Óánægð með að Lárus skuli hafa sent of unga hljóðfæraleikara á mótið og sendi sína skráningu ekki á réttum tíma og ekki með réttri skráningu svo ekki var hægt að sjá aldur nemenda.

Vantar gátalista fyrir svona mót til að vinna eftir. Allir stjórnarnmeðlimir SÍSL í fullri vinnu og komust ekki yfir alla þætti síðustu dagana fyrir mót. Er ekki sannfærð um þetta æfingabúðaform fyrir C/D sveitir og hafði áhuga á að hafa nokkurs konar val í boði á þeim tímum sem voru dauðir t.d. einhverja leiki eða annað sniðugt en ekki náðist að skipuleggja slíkt. Ánægð með ballið og hlómsveitina.

Einar sagði að hann tók ekki alla með úr sinni C – sveit á þetta mót til að standa við aldursskiptinguna á mótinu. Hann leggur til að vinna meira saman og dreifa ábyrgð á fleiri, hafa fleiri nefndir t.d. LÆ nefnd og mótsnefnd.

Daðileggur til að Daði, Eggert, Jóhann, Karen, Einar sem hafa öll haldið mót og ætla að senda inn gátalista til Daða fyrir 1. Des. Svo hægt sé að útbúa einn góðan gátalista. **Össur**leggur til að dreifa verkefnum meira. Hafa C/D mót að vori og A/B mót að hausti.

- Hafa fleiri nefndir: nótnavalsnefnd, mótanefnd, LÆ og fjölga í stjórn.
- Ísfirðingar hafa áhuga á að halda C/D mót eftir 2 ár. Skoða leiguflugssamninga.
- LÆ fjárhagslega gengur ekki upp eins og það er núna. Áhugi á að koma LÆ á Nótuna í Hörpu 18. Mars og svo norður á Akureyri á A/B mótið. Hægt að nota LÆ krakkana sem leiðtoga inni á mótinu, og hafa t.d. leiðtogapjálfun samhliða því. Leysa afþreyingu A/B krakkana með LÆ spila t.d. Pétur og úlfinn, Tobba túbu, Myndir á sýningu. LÆ vantar rekstrarfé.
- Fá upplýsingar um hvernig rekstarformið er hjá Ungsinfó, Ungfóníu, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna. Karen skoðar það.

- Þarf að kenna krökkum að hlusta á tónleika, mikið blaður á tónleikum LÆ á Selfossi.
- Athuga þarf Hof og skráningu þar. Tónlistarskólinn á Akureyri á nokkrar helgar þar. Kostar að koma LÆ norður og gistingu/fæði.
- Mótanefnd gæti verið skipuð einum úr stjórn, einum sem tekur á móti og einn aukaneftndarmaður. Tillaga um að fá þann sem var að halda mót til að vera með í undirbúningi fyrir næsta mót.

Einarbúinn að skoða aðstæður á Akureyri og senda stjórninni upplýsingar.

- Nú heita samtökin í þjóðskrá: Samtök íslenskra skólalúðrasveita.
- Senda þarf út þátttökueyðublað fyrir næsta landsmót SÍSL fyrir jól.
- Þessi fundur var góður og málefnalegur

Fundi slitið kl. 12.40

20. Stjórnarfundur 2011

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr. 20

20. fundur 2011, símafundur 28. nóvember kl. 8.15

Pátttakendur: Halldór Sighvatsson, Vilborg Jónsdóttir,

- Eggert búinn að óska eftir að fá inn varamann fyrir sig þar sem mikið álag er í námi sem hann er í. Daði er tilbúinn að koma inn fyrir hann.
- Verið er að skoða lög til að nota á landsmóttinu á Akureyri. Hjörleifur verður í sambandi við Halldór.
- Vantar dagsetningu fyrir æfingahelgi LÆ. Guðmundur Óli þarf að svara hvenær hann er laus.
- Hugmynd að æfa Karnival dýranna í LÆ fyrir landsmótið. Pétur og úlfurinn ekki heppilegt lag þar sem soloin eru of erfið og ekki hljóðfæraleikarar til í LÆ fyrir þau.
- Lang flestir úr LÆ búnir að svara játandi en miklar áhyggjur af tímasetningu landsmóts þar sem próf hefjast í skólum strax eftir landsmótshelgina.
- Búa til nefndir til að aðstoða stjórnina við vinnuna. Nú þegar til nótnanefnd. Fá hana til að sjá um nýjar útsetningar fyrir landsmótið, hvaða lög verða útsett og hverjir munu vera fengnir í verkið.
- Búa til LÆ nefnd sem ynni með stjórninni í LÆ. Uppástungur um Inga Garðar og Valda
- Össur er tilbúinn að gera Exel skjal fyrir þáttökutilkynningu fyrir 15. Janúar.
- Þarf að sækja um styrki, t.d. IKEA, Borgun
- Taka saman listana um landsmóttin sem Daði og Jóhann eru búnir að senda til okkar